

## AUGLÝSING

### um Suðurskautssamninginn.

Hinn 13. október 2015 var ríkisstjórn Bandaríkjanna afhent aðildarskjal Íslands vegna Suðurskautssamningsins sem gerður var í Washington 1. desember 1959. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 13. október 2015.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.  
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.****SUÐURSKAUTSSAMNINGURINN**

Ríkisstjórnir Argentínu, Ástralíu, Bandaríkja Ameríku, Belgíu, Chile, Franska Lýðveldisins, Japans, Noregs, Nýja-Sjálands, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Sovétríkjanna og Suður-Afríkusambandsins,

sem kannast við að það sé í þágu alls mannkyns að Suðurskautslandið verði áfram um allan aldur eingöngu nýtt í friðsamlegum tilgangi og verði ekki vettvangur eða andlag ágreinings,

sem viðurkenna það raunverulega framlag til vísindalegrar þekkingar sem rekja má til alþjóðlegrar samvinnu á sviði vísindarannsókna á Suðurskautslandinu,

sem eru þess fullvissar að traustur grunnur lagður að framhaldi og framþróun þess háttar samvinnu, sem byggist á frelsi til vísindarannsókna á Suðurskautslandinu, eins og það var nýtt á alþjóðlega jarðeðlisfræðiárinu, stuðlar að hag vísinda og framfara alls mannkyns,

sem eru enn fremur þess fullvissar að samningur, sem tryggir að Suðurskautslandið sé nýtt einungis í friðsamlegum tilgangi, og áframhaldandi alþjóðlegt samlyndi á Suðurskautslandinu muni efla þann tilgang og þær meginreglur sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna inniheldur,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

**I. gr.**

1. Suðurskautslandið skal nýta einungis í friðsamlegum tilgangi. Lagt er bann við, meðal annars, öllum aðgerðum af hernaðarlegum toga, eins og að koma á fót herstöðvum og varnarvirkjum, að stunda heræfingar, enn fremur að prófa vopn af hvaða tagi sem er.
2. Samningur þessi útilokar ekki að hermenn eða herbúnaður sé notaður fyrir vísindarannsóknir eða í einhverjum öðrum friðsamlegum tilgangi.

**II. gr.**

Frelsi til vísindarannsókna á Suðurskautslandinu og samvinnu á því sviði, eins og það og/eða hún var nýtt á alþjóðlega jarðeðlisfræðiárinu, skal fram haldið, samanber þó ákvæði samnings þessa.

**III. gr.**

1. Í því augnamiði að stuðla að alþjóðlegri samvinnu á sviði vísindarannsókna á Suðurskautslandinu, eins og kveðið er á um í II. gr. samnings þessa, eru samningsaðilarnir ásáttir um að, eins og frekast er unnt og raunhæft:
  - a) skiptast á upplýsingum um fyrirhugaðar vísindaáætlanir á Suðurskautslandinu í því skyni að stuðla að sem mestri hagsýni og skilvirkni með tilliti til aðgerða,
  - b) leiðangrar og starfsstöðvar skiptist á vísindamönnum á Suðurskautslandinu,
  - c) skiptst sé á vísindalegum athugunum og niðurstöðum frá Suðurskautslandinu og aðgengi að þeim sé gert frjálst.
2. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal kosta kapps um að stuðla að því að koma á samstarfstengslum við þær sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðastofnanir sem hafa vísindalegra og tæknilegra hagsmuna að gæta á Suðurskautslandinu.

**IV. gr.**

1. Ekkert í samningi þessum skal túlka sem:
  - a) afsal á rétti til eða kröfum um fullveldi yfir landsvæði á Suðurskautslandinu sem samningsaðilar hafa áður haldið fram,
  - b) afsal eða skerðingu af hálfu samningsaðila á grunnforsendum kröfu um fullveldi yfir landsvæði á Suðurskautslandinu, sem hann kann að setja fram, hvort heldur sökum starfsemi hans eða starfsemi ríkisborgara hans á Suðurskautslandinu eða af öðrum ástæðum,
  - c) svo að veiki stöðu nokkurs samningsaðila að því er varðar viðurkenningu hans á rétti einhverra annarra ríkja eða á kröfu þeirra eða grunnforsendu kröfu þeirra um fullveldi yfir landsvæði á

Suðurskautslandinu eða að því er það varðar að hann viðurkenni ekki slíkan rétt, kröfu eða grunnforsendu.

2. Engir gerningar eða starfsemi, sem fer fram á gildistíma samnings þessa, skal vera grundvöllur fyrir því að halda fram, styðja eða hafna kröfu um fullveldi yfir landsvæði á Suðurskautslandinu eða að mynda nokkur fullveldisréttindi á Suðurskautslandinu. Eigi skal halda fram nýrri kröfu, eða auka fram komna kröfu, um fullveldi yfir landsvæði á Suðurskautslandinu á gildistíma samnings þessa.

#### V. gr.

1. Hvers kyns kjarnorkusprengingar á Suðurskautslandinu og förgun geislavirks úrgangs þar eru bannaðar.
2. Séu gerðir milliríkjasamningar um nýtingu kjarnorku, m.a. um kjarnorkusprengingar og förgun geislavirks úrgangs, sem allir samningsaðilarnir, sem eiga fulltrúa með rétt til þátttöku í þeim fundum sem kveðið er á um í IX. gr., eiga aðild að, skulu þær reglur sem eru settar samkvæmt þeim samningum gilda á Suðurskautslandinu.

#### VI. gr.

Ákvæði samnings þessa gilda um svæðið suður af 60° suðlægrar breiddar, þar með taldar allar ísbreiður, en ekkert í samningi þessum skal skerða eða hafa á nokkurn hátt áhrif á rétt nokkurs ríkis að þjóðarétti að því er varðar úthafið innan þess svæðis eða á það að þau neyti þess réttar.

#### VII. gr.

1. Í því augnamiði að stuðla að því að markmið samnings þessa náist og að tryggja að farið sé að ákvæðum hans skal sérhver samningsaðili, sem á fulltrúa með rétt til þátttöku í þeim fundum sem kveðið er á um í IX. gr. samningsins, eiga rétt á að tilnefna eftirlitsmenn sem annast hvers kyns eftirlit sem kveðið er á um í þessari grein. Eftirlitsmenn skulu vera ríkisborgarar þess samningsaðila sem tilnefndi þá. Nöfn eftirlitsmanna skal senda öllum öðrum samningsaðilum sem eiga rétt á að tilnefna eftirlitsmenn og senda ber hliðstæða tilkynningu um lok skipunartíma þeirra.
2. Sérhver eftirlitsmaður, sem er tilnefndur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, skal hafa óheftan aðgang, hvenær sem er, að hvaða svæði sem er eða öllum svæðum á Suðurskautslandinu.
3. Öll svæði á Suðurskautslandinu, þ.m.t. allar starfsstöðvar, mannvirki og tækjabúnaður innan fyrrnefndra svæða, og öll skip og loftför á stöðum þar sem farmur eða starfsfólk fer frá borði eða fer um borð á Suðurskautslandinu, skulu ávallt opin öllum eftirlitsmönnum, sem eru tilnefndir samkvæmt ákvæðum 1. mgr., til eftirlits.
4. Sérhverjum þeirra samningsaðila sem eiga rétt á að tilnefna eftirlitsmenn er heimilt að framkvæma athugun úr lofti, hvenær sem er, yfir hvaða svæði sem er eða öllum svæðum á Suðurskautslandinu.
5. Sérhver samningsaðili skal, þegar samningur þessi öðlast gildi gagnvart honum, upplýsa hina samningsaðilana, og eftir það tilkynna þeim fyrirfram, um:
  - a) alla leiðangra til og innan Suðurskautslandsins, sem eru farnir á skipum hans eða sem ríkisborgarar hans fara í, og um alla leiðangra til Suðurskautslandsins sem eru skipulagðir á yfirráðasvæði hans eða eru farnir þaðan,
  - b) allar starfsstöðvar á Suðurskautslandinu sem ríkisborgarar hans hafa umráð yfir og
  - c) alla hermenn eða herbúnað sem hann hyggst koma með inn á Suðurskautslandið, samanber þó þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. I. gr. samnings þessa.

#### VIII. gr.

1. Í því augnamiði að greiða fyrir því að þeir geti gegnt hlutverkum sínum samkvæmt samningi þessum og með fyrirvara um viðeigandi stöðu samningsaðilanna, að því er varðar lögsögu yfir öllum öðrum einstaklingum á Suðurskautslandinu, skulu þeir eftirlitsmenn sem eru tilnefndir skv. 1. mgr. VII. gr. og vísindamenn sem skipst er á skv. b-lið 1. undirgreinar III. gr. samningsins og starfsmenn, sem fylgja þeim einstaklingum, vera eingöngu undir lögsögu þess samningsaðila þar

sem þeir hafa ríkisfang, að því er varðar allar gerðir þeirra eða vanrækslu á Suðurskautslandinu þegar þeir gegna hlutverkum sínum.

Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og meðan þess er beðið að samþykktar verði ráðstafanir í samræmi við e-lið 1. undirgreinar IX. gr. skulu viðkomandi samningsaðilar, þegar upp koma deilumál viðvíkjandi beitingu lögsögu á Suðurskautslandinu, eiga án tafar samráð sín á milli í því skyni að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um.

#### IX. gr.

1. Fulltrúar þeirra samningsaðila sem eru nafngreindir í inngangsorðum samnings þessa skulu mæta til fundar í borginni Canberra innan tveggja mánaða frá þeim degi þegar samningur þessi öðlast gildi, og eftir það með hæfilegu millibili og á hentugum stöðum, í því skyni að skiptast á upplýsingum, eiga samráð sín á milli um mál sem varðar sameiginlega hagsmuni viðvíkjandi Suðurskautslandinu og í því skyni að setja fram og ígrunda og leggja til við ríkisstjórnir sínar ráðstafanir til þess að þoka áleiðis meginreglum og markmiðum samningsins, meðal annars ráðstafanir varðandi:
  - a) nýtingu Suðurskautslandsins einungis í friðsamlegum tilgangi,
  - b) það að greiða fyrir vísindarannsóknum á Suðurskautslandinu,
  - c) það að greiða fyrir alþjóðlegri samvinnu vísindamanna á Suðurskautslandinu,
  - d) það að greiða fyrir því að unnt sé að beita réttinum til eftirlits sem kveðið er á um í VII. gr. samningsins,
  - e) úrlausnarefni sem tengjast beitingu lögsögu á Suðurskautslandinu,
  - f) verndun og varðveislu lifandi auðlinda á Suðurskautslandinu.
2. Sérhver samningsaðili, sem hefur gerst aðili að samningi þessum með aðild skv. XIII. gr., skal eiga rétt á að skipa fulltrúa til þátttöku í þeim fundum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar á þeim tíma þegar sá samningsaðili sýnir áhuga sinn á Suðurskautslandinu með því að stunda raunverulegar vísindarannsóknir þar, til að mynda með því að koma á fót vísindalegum starfsstöðvum eða gera út vísindaleiðangra.
3. Skýrslur eftirlitsmannanna, er um getur í VII. gr. samnings þessa, skal senda þeim fulltrúum samningsaðilanna sem taka þátt í þeim fundum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
4. Þær ráðstafanir er um getur í 1. mgr. þessarar greinar taka gildi þegar allir samningsaðilarnir, sem eiga fulltrúa sem aftur eiga rétt á að taka þátt í þeim fundum sem eru haldnir til þess að fjalla um þær ráðstafanir, hafa samþykkt þær.
5. Heimilt er að neyta hvers þess réttar eða alls þess réttar sem er áskilinn samkvæmt samningi þessum frá þeim degi þegar samningurinn öðlast gildi, hvort sem tillögur hafa verið gerðar um eða fjallað um að greiða fyrir því að þess háttar réttar verði neytt eða hann samþykktur eður ei, eins og kveðið er á um í þessari grein.

#### X. gr.

Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til þess að sýna viðeigandi viðleitni, í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, til þess að enginn taki þátt í starfsemi á Suðurskautslandinu sem brýtur í bága við meginreglur eða tilgang samnings þessa.

#### XI. gr.

1. Rísi deila milli tveggja eða fleiri samningsaðila um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa, skulu þeir samningsaðilar eiga samráð sín á milli í því skyni að leysa deiluna með samningaviðræðum, rannsókn, milligöngu, sátt, gerðardómsmeðferð, dómsúrskurði eða á annan friðsamlegan hátt að eigin vali.
2. Deilu af þessu tagi, sem ekki er leyst með fyrrgreindum hætti, skal, með samþykki allra deiluaðila í hverju tilviki um sig, vísa til Alþjóðadómstólsins í Haag til úrlausnar. Náist ekki samstaða um tilvísun til Alþjóðadómstólsins leysir það ekki deiluaðila undan þeirri skyldu að halda áfram að reyna að leysa deiluna með því að beita þeim ýmsu friðsamlegu úrræðum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

## XII. gr.

1. a) Heimilt að breyta samningi þessum eða lagfæra hann, hvenær sem er, með einróma samkomu-lagi þeirra samningsaðila sem eiga fulltrúa með rétt til þátttöku í þeim fundum sem kveðið er á um í IX. gr. Sérhver breyting eða lagfæring af því tagi skal öðlast gildi þegar þeirri ríkisstjórn sem er vörsluaðili hefur borist tilkynning frá öllum fyrrnefndum samningsaðilum þess efnis að þær hafi fullgilt hana.
- b) Eftir það skal fyrrnefnd breyting eða lagfæring öðlast gildi gagnvart hvaða öðrum samnings-aðila sem er, þegar þeirri ríkisstjórn sem er vörsluaðili hefur borist tilkynning frá viðkomandi samningsaðila þess efnis að hann hafi fullgilt hana. Líta ber svo á að sérhver fyrrnefndur samningsaðili, sem ekki hefur borist nein tilkynning frá um fullgildingu innan tveggja ára frá þeim degi þegar breytingin eða lagfæringin öðlaðist gildi samkvæmt ákvæðum a-liðar 1. undirgreinar þessarar greinar, hafi sagt sig frá samningi þessum þann dag þegar fyrrnefnt tímabil er á enda.
2. a) Fari einhver samningsaðilanna, sem eiga fulltrúa með rétt til þátttöku í þeim fundum sem kveðið er á um í IX. gr., fram á það, eftir að þrjátíu ár eru liðin frá þeim degi þegar samningur þessi öðlaðist gildi, í formi orðsendingar til þeirrar ríkisstjórnar sem er vörsluaðili, að ráðstefna allra samningsaðila skuli haldin til þess að endurskoða megi rekstur samningsins, skal orðið við því eins fljótt og verða má.
- b) Sú ríkisstjórn sem er vörsluaðili skal senda öllum samningsaðilum sérhverja breytingu eða lagfæringu á samningi þessum, sem meirihluti þeirra samningsaðila sem eiga fulltrúa á fyrr-nefndri ráðstefnu, þar með talinn meirihluti þeirra samningsaðila sem eiga fulltrúa með rétt til þátttöku í þeim fundum sem kveðið er á um í IX. gr., samþykkir, strax eftir að ráðstefnunni lýkur og skal viðkomandi breyting eða lagfæring öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.
- c) Hafi einhver fyrrnefnd breyting eða lagfæring ekki öðlast gildi samkvæmt ákvæðum a-liðar 1. undirgreinar þessarar greinar innan tveggja ára frá þeim degi þegar öllum samningsaðil-unum var tilkynnt um hana, er hvaða samningsaðila sem er heimilt, hvenær sem er eftir að fyrrnefnt tímabil er á enda, að tilkynna þeirri ríkisstjórn sem er vörsluaðili að það segi sig frá samningi þessum og skal slík úrsögn taka gildi tveimur árum eftir að sú ríkisstjórn sem er vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.

## XIII. gr.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem undirrita hann. Hann skal liggja frammi til aðildar af hálfu sérhvers ríkis sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum eða af hálfu hvers þess annars ríkis sem kann að verða boðin aðild að samningum með samþykki allra þeirra samningsaðila sem eiga fulltrúa með rétt til þátttöku í þeim fundum sem kveðið er á um í IX. gr.
2. Sérhvert ríki skal koma fullgildingu aðildar að samningi þessum í framkvæmd í samræmi við eigin stjórnskipulega málsmeðferð.
3. Skjöl um fullgildingu og skjöl um aðild skal afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku til vörslu, sem hér með er tilnefnd sú ríkisstjórn sem er vörsluaðili.
4. Sú ríkisstjórn sem er vörsluaðili skal tilkynna öllum ríkjum, sem undirrita og gerast aðilar að samningnum, um þann dag þegar sérhvert skjal um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu og um þann dag þegar samningurinn öðlast gildi og sérhver breyting eða lagfæring á honum.
5. Strax eftir að öll undirritunarríkin hafa afhent skjöl sín um fullgildingu til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi gagnvart þeim ríkjum og gagnvart ríkjum sem hafa afhent skjöl um aðild til vörslu. Eftir það skal samningurinn öðlast gildi gagnvart sérhverju ríki, sem gerist aðili að honum, strax eftir að það afhendir skjal sitt um aðild til vörslu.
6. Sú ríkisstjórn sem er vörsluaðili skal skrá samning þennan skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

XIV. gr.

Afhenda skal samning þennan, sem er gerður á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allar gerðirnar jafngildar, til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, sem skal senda ríkisstjórnnum þeirra ríkja sem undirrita samninginn og gerast aðilar að honum tilhlýðilega staðfest endurrit af samningnum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Washington 1. desember 1959.

## THE ANTARCTIC TREATY

The Governments of Argentina, Australia, Belgium, Chile, the French Republic, Japan, New Zealand, Norway, the Union of South Africa, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America,

Recognizing that it is in the interest of all mankind that Antarctica shall continue forever to be used exclusively for peaceful purposes and shall not become the scene or object of international discord;

Acknowledging the substantial contributions to scientific knowledge resulting from international cooperation in scientific investigation in Antarctica;

Convinced that the establishment of a firm foundation for the continuation and development of such cooperation on the basis of freedom of scientific investigation in Antarctica as applied during the International Geophysical Year accords with the interests of science and the progress of all mankind;

Convinced also that a treaty ensuring the use of Antarctica for peaceful purposes only and the continuance of international harmony in Antarctica will further the purposes and principles embodied in the Charter of the United Nations;

Have agreed as follows:

### Article I

1. Antarctica shall be used for peaceful purposes only. There shall be prohibited, *inter alia*, any measures of a military nature, such as the establishment of military bases and fortifications, the carrying out of military maneuvers, as well as the testing of any type of weapons.
2. The present treaty shall not prevent the use of military personnel or equipment for scientific research or for any other peaceful purposes.

### Article II

Freedom of scientific investigation in Antarctica and cooperation toward that end, as applied during the International Geophysical Year, shall continue, subject to the provisions of the present treaty.

### Article III

1. In order to promote international cooperation in scientific investigation in Antarctica, as provided for in Article II of the present treaty, the Contracting Parties agree that, to the greatest extent feasible and practicable:
  - a) information regarding plans for scientific programs in Antarctica shall be exchanged to permit maximum economy and efficiency of operations;
  - b) scientific personnel shall be exchanged in Antarctica between expeditions and stations;
  - c) scientific observations and results from Antarctica shall be exchanged and made freely available.
2. In implementing this Article, every encouragement shall be given to the establishment of cooperative working relations with those Specialized Agencies of the United Nations and other international organizations having a scientific or technical interest in Antarctica.

### Article IV

1. Nothing contained in the present treaty shall be interpreted as:
  - a) a renunciation by any Contracting Party of previously asserted rights of or claims to territorial sovereignty in Antarctica;
  - b) a renunciation or diminution by any Contracting Party of any basis of claim to territorial sovereignty in Antarctica which it may have whether as a result of its activities or those of its nationals in Antarctica, or otherwise;

- c) prejudicing the position of any Contracting Party as regards its recognition or non-recognition of any other States right of or claim or basis of claim to territorial sovereignty in Antarctica.
2. No acts or activities taking place while the present treaty is in force shall constitute a basis for asserting, supporting or denying a claim to territorial sovereignty in Antarctica or create any rights of sovereignty in Antarctica. No new claim, or enlargement of an existing claim, to territorial sovereignty in Antarctica shall be asserted while the present treaty is in force.

#### Article V

1. Any nuclear explosions in Antarctica and the disposal there of radioactive waste material shall be prohibited.
2. In the event of the conclusion of international agreements concerning the use of nuclear energy, including nuclear explosions and the disposal of radioactive waste material, to which all of the Contracting Parties whose representatives are entitled to participate in the meetings provided for under Article IX are parties, the rules established under such agreements shall apply in Antarctica.

#### Article VI

The provisions of the present treaty shall apply to the area south of 60° South Latitude, including all ice shelves, but nothing in the present treaty shall prejudice or in any way affect the rights, or the exercise of the rights, of any State under international law with regard to the high seas within that area.

#### Article VII

1. In order to promote the objectives and ensure the observance of the provisions of the present treaty, each Contracting Party whose representatives are entitled to participate in the meetings referred to in Article IX of the treaty shall have the right to designate observers to carry out any inspection provided for by the present Article. Observers shall be nationals of the Contracting Parties which designate them. The names of observers shall be communicated to every other Contracting Party having the right to designate observers, and like notice shall be given of the termination of their appointment.
2. Each observer designated in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article shall have complete freedom of access at any time to any or all areas of Antarctica.
3. All areas of Antarctica, including all stations, installations and equipment within those areas, and all ships and aircraft at points of discharging or embarking cargoes or personnel in Antarctica, shall be open at all times to inspection by any observers designated in accordance with paragraph 1 of this Article.
4. Aerial observation may be carried out at any time over any or all areas of Antarctica by any of the Contracting Parties having the right to designate observers.
5. Each Contracting Party shall, at the time when the present treaty enters into force for it, inform the other Contracting Parties, and thereafter shall give them notice in advance, of
  - a) all expeditions to and within Antarctica, on the part of its ships or nationals, and all expeditions to Antarctica organized in or proceeding from its territory;
  - b) all stations in Antarctica occupied by its nationals; and
  - c) any military personnel or equipment intended to be introduced by it into Antarctica subject to the conditions prescribed in paragraph 2 of Article I of the present treaty.

#### Article VIII

1. In order to facilitate the exercise of their functions under the present treaty, and without prejudice to the respective positions of the Contracting Parties relating to jurisdiction over all other persons in Antarctica, observers designated under paragraph 1 of Article VII and scientific personnel exchanged under subparagraph 1(b) of Article III of the treaty, and members of the staffs accompanying any such persons, shall be subject only to the jurisdiction of the Contracting Party of which they are nationals in respect of all acts or omissions occurring while they are in Antarctica for the purpose of exercising their functions.



2. Without prejudice to the provisions of paragraph 1 of this Article, and pending the adoption of measures in pursuance of subparagraph 1(e) of Article IX, the Contracting Parties concerned in any case of dispute with regard to the exercise of jurisdiction in Antarctica shall immediately consult together with a view to reaching a mutually acceptable solution.

#### Article IX

1. Representatives of the Contracting Parties named in the preamble to the present treaty shall meet at the City of Canberra within two months after the date of entry into force of the treaty, and thereafter at suitable intervals and places, for the purpose of exchanging information, consulting together on matters of common interest pertaining to Antarctica, and formulating and considering, and recommending to their Governments, measures in furtherance of the principles and objectives of the treaty, including measures regarding:
  - a) use of Antarctica for peaceful purposes only;
  - b) facilitation of scientific research in Antarctica;
  - c) facilitation of international scientific cooperation in Antarctica;
  - d) facilitation of the exercise of the rights of inspection provided for in Article VII of the treaty;
  - e) questions relating to the exercise of jurisdiction in Antarctica;
  - f) preservation and conservation of living resources in Antarctica.
2. Each Contracting Party which has become a party to the present treaty by accession under Article XIII shall be entitled to appoint representatives to participate in the meetings referred to in paragraph 1 of the present Article, during such time as that Contracting Party demonstrates its interest in Antarctica by conducting substantial scientific research activity there, such as the establishment of a scientific station or the despatch of a scientific expedition.
3. Reports from the observers referred to in Article VII of the present treaty shall be transmitted to the representatives of the Contracting Parties participating in the meetings referred to in paragraph 1 of the present Article.
4. The measures referred to in paragraph 1 of this Article shall become effective when approved by all the Contracting Parties whose representatives were entitled to participate in the meetings held to consider those measures.
5. Any or all of the rights established in the present treaty may be exercised from the date of entry into force of the treaty whether or not any measures facilitating the exercise of such rights have been proposed, considered or approved as provided in this Article.

#### Article X

Each of the Contracting Parties undertakes to exert appropriate efforts, consistent with the Charter of the United Nations, to the end that no one engages in any activity in Antarctica contrary to the principles or purposes of the present treaty.

#### Article XI

1. If any dispute arises between two or more of the Contracting Parties concerning the interpretation or application of the present treaty, those Contracting Parties shall consult among themselves with a view to having the dispute resolved by negotiation, inquiry, mediation, conciliation, arbitration, judicial settlement or other peaceful means of their own choice.
2. Any dispute of this character not so resolved shall, with the consent, in each case, of all parties to the dispute, be referred to the International Court of Justice for settlement; but failure to reach agreement on reference to the International Court shall not absolve parties to the dispute from the responsibility of continuing to seek to resolve it by any of the various peaceful means referred to in paragraph 1 of this Article.

#### Article XII

1. a) The present treaty may be modified or amended at any time by unanimous agreement of the Contracting Parties whose representatives are entitled to participate in the meetings provided for under Article IX. Any such modification or amendment shall enter into force when the

depository Government has received notice from all such Contracting Parties that they have ratified it.

- b) Such modification or amendment shall thereafter enter into force as to any other Contracting Party when notice of ratification by it has been received by the depository Government. Any such Contracting Party from which no notice of ratification is received within a period of two years from the date of entry into force of the modification or amendment in accordance with the provisions of subparagraph 1(a) of this Article shall be deemed to have withdrawn from the present treaty on the date of the expiration of such period.
2. a) If after the expiration of thirty years from the date of entry into force of the present treaty, any of the Contracting Parties whose representatives are entitled to participate in the meetings provided for under Article IX so requests by a communication addressed to the depository Government, a Conference of all the Contracting Parties shall be held as soon as practicable to review the operation of the treaty.
  - b) Any modification or amendment to the present treaty which is approved at such a Conference by a majority of the Contracting Parties there represented, including a majority of those whose representatives are entitled to participate in the meetings provided for under Article IX, shall be communicated by the depository Government to all the Contracting Parties immediately after the termination of the Conference and shall enter into force in accordance with the provisions of paragraph 1 of the present Article.
  - c) If any such modification or amendment has not entered into force in accordance with the provisions of subparagraph 1(a) of this Article within a period of two years after the date of its communication to all the Contracting Parties, any Contracting Party may at any time after the expiration of that period give notice to the depository Government of its withdrawal from the present treaty; and such withdrawal shall take effect two years after the receipt of the notice of the depository Government.

#### Article XIII

1. The present treaty shall be subject to ratification by the signatory States. It shall be open for accession by any State which is a Member of the United Nations, or by any other State which may be invited to accede to the treaty with the consent of all the Contracting Parties whose representatives are entitled to participate in the meetings provided for under Article IX of the treaty.
2. Ratification of or accession to the present treaty shall be effected by each State in accordance with its constitutional processes.
3. Instruments of ratification and instruments of accession shall be deposited with the Government of the United States of America, hereby designated as the depository Government.
4. The depository Government shall inform all signatory and acceding States of the date of each deposit of an instrument of ratification or accession, and the date of entry into force of the treaty and of any modification or amendment thereto.
5. Upon the deposit of instruments of ratification by all the signatory States, the present treaty shall enter into force for those States and for States which have deposited instruments of accession. Thereafter the treaty shall enter into force for any acceding State upon the deposit of its instrument of accession.
6. The present treaty shall be registered by the depository Government pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations.

#### Article XIV

The present treaty, done in the English, French, Russian and Spanish languages, each version being equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America, which shall transmit duly certified copies thereof to the Governments of the signatory and acceding States.

Nr. 81

9. desember 2021

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, duly authorized, have signed the present treaty.

DONE at Washington this first day of December, one thousand nine hundred and fifty-nine.

---

C-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2022